# Bæjarreikningur með athugasemdum & svörum 1874-1888

Aðfnr. 317, örk 19

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Athugasemdir

við bæjarreikninginn 1885.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Svör til athugasemdanna.

Við 1. gr. Gjaldkera var eigi greidd nein leiga eptir blettina þetta ár.

" 2. gr. Gjaldkera er eigi kunnugt um að blettirnir hafi verið boðnir upp til leigu og meðan það er ekki gjört, er eigi neins eptirgjalds að vænta.

" 3. gr. Gjaldkeri hefir hvorki meðtekið eptirgjald eptir garðana né tilkynningu um að þeir væru leigðir. —

" 4. gr. Til athugunar fyrir bæjarfógeta og bæjarstjórn. —

" 5. gr. Gjaldkeri þykist fullviss um að fylgiskjal þetta hafi verið með reikningunum, þegar hann fór frá gjaldkerasessinum. Líklegt er að útvega megi nýtt fylgiskjal hjá bæjarfógeta, svo framarlega sem upphæðin er rétt.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Tekjur.

\+ 1. grein. (fskj. 2). Hlíðarhúsablettirnir nr. 5 og 6 eru ekki taldir upp á fylgiskjalinu, og ætti þó að gjaldast eptir þá 10 kr. samkvæmt áætluninni.

\+ 2. grein. (fskj. 2). Efraholtsblett vantar enn í ár, á áætluninni er gjört ráð fyrir 12 álna eptirgjaldi af honum.

\+ 3. grein. (fskj. 2). Norðurgarður og Suðurgarður eru heldur ekki á fylgiskjalinu. Eptirgjaldið eptir báða ætti að vera 9,50 kr. eptir áætluninni.

Eflaust mun hafa verið reynt til að koma þessum blettum og görðum út.

\+ 4. grein. Þegar endurskoðendur rannsökuðu reikninginn fyrir 1884, skrifuðu þeir bæjarfógeta, og báðu hann að láta sjer í tje kvittanir bæjargjaldkerans fyrir peningasendingum þeim, er til hans hefðu gengið frá bæjarfógetanum. Um þetta var endurskoðendum neitað, og gátu þeir því ekki vitað, hvort allar þessar upphæðir kæmu fram í reikningnum, svo sem óvissar tekjur og endurborganir á fátækrastyrk innanbæjarmanna. Endurskoðendur hafa álitið árangurslaust að fara fram á að fá þessar kvittanir fyrir reikninginn 1885, þar sem sami maður átti í hlut, er áður neitaði, og leiðir af því, að ekki verður heldur hægt að segja um það í ár, hvort allar upphæðir, er bæjarfógetinn hefur krafið inn, komi fram í reikningnum.

5. grein. Þetta fylgiskjal, sem á að vera skrá yfir skip, sem borgað hafi vatnspeninga, höfum við ekki fengið. (fskj. 6).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 6. gr. Persónur þær, sem athugasemdin getur um, eru utansveitar þurfamenn.

Við 7. gr. Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar er að eins greidd 1 kr. fyrir þá hesta sem ganga 6 vikur eða skemur í landi bæjarins, en hvort sú ákvörðun á við alla þá hesta, sem taldir eru með 1 kr. hagatolli á fskj. 17, er gjaldkera ókunnugt.

" 8. gr. Gjaldkeri hefir ekkert á móti því, að fá 17 a. endurgoldna.

" 9. gr. Lánið er tekið samkvæmt munnl. ráðstöfun bæjarfógeta við gjaldkera.

" 10. gr. Fylgjurgjaldið (23) er reiknað út á bæjarfógetaskrifstofunni og ekki endurskoðað af gjaldkera. Aths. virðist rétt.

" 11. gr. [redacted]
Til athugunar fyrir fjárhagsnefnd og bæjarstjórn.

" 12. gr. Þannig komið frá skrifstofu bæjarfógeta. Hvort hundraðatalan er skökk eða útreikningarinn, er ekki gott að segja.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6. grein. (fskj. 11). Á þessu fylgiskjali verður ekki sjeð hvort Otto Helgi Guðlaugsson er innanbæjar- eða utanbæjarmaður. – Sama er að segja um Árna Hannesson (fskj. 14). – Sama er að segja um Ólaf Jónsson í Brekkuholti, ekkju Guðrúnu Sigurðardóttur, Stefán Stefánsson í Mörkum og Guðmund Árnason (öll á fskj. 16).

7. grein. (fskj. 17). Endurskoðendum er ókunnugt um hvernig á því stendur, að sumir borga hagatoll fyrir hesta sína með að eins 1 Kr.

8. grein. (fskj. 22). Samkvæmt úrskurði lögðum á bæjarreikninginn fyrir árið 1883, bar gjaldkera að færa til inntekta í bæjarsjóðsreikning: samkv. 1. gr. 50 Kr. 2 au., samkv. 3. gr. 6 au., samtals 50,08 Kr., en eptir 2. gr. átti að endurborga 23 au.; mismuninn 49,85 Kr. bar að færa sem tekjur nú í reikninginn, en ekki 50,02 Kr. eins og gjaldkeri hefur gjört.

9. grein. Lán það úr hafnarsjóði, sem getið er um undir tekjulið II. 5. og talið er 1360,35 Kr. er heimildar- og fylgiskjalslaust.

10. grein. (fskj. 23). Fasteignartíund af Rauðará er rangt tilfærð með 16,16 fiskum, í stað 16,62 fiska. Í peningum á hún að vera 5,32 Kr. í stað 5,17 Kr. – Ennfremur er ekki goldin fasteignartíund af Efraholtsbletti.

11. grein. Undarlegt er að áætlunin (tekjulið B. I) skuli telja vexti af skuldabrjefum 36 Kr., þar sem bæjargjaldkeri hefur skýrt frá, og bæjarstjórnin aðhyllst, að bæjarfógeti geymi skuldabrjef með 35 Kr. rentu.

12. grein. (fskj. 24) Páll Pálsson er talinn eiga eitt lausafjárhundrað, en reiknuð tíund af sem 1½ hundraði

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 13. gr. Hinn endurborgaði styrkur fanst eigi í eptirstöðvum frá fyrri árum. — Að því er gjaldkeri frekast og best man eptir, þá eru ekki aðrir innansveitar af nefndum nöfnum en № 7 og № 12 á skj. № 28.

" 14. gr. Þá skrá meðtók gjaldkeri aldrei frá bæjarfógeta.

" 15. gr. Athugasemdin virðist rétt.

" 16. gr. Til athugunar fyrir bæjarfógeta.

Meðan ekki eru til nöfn á götum og númer á húsum og bæjum, virðist nauðsynlegt að gjöra athugasemdir um það á sérstökum stöðum á lóðargjaldaskránni, annaðhvort neðanmáls eða í sérstökum dálki, þegar eigenda skipti verða eða þegar ný hús eða bæir bætast við á skrána og yfir höfuð um allar breytingar, sem af einhverjum orsökum verða á hverri skrá frá næstu skrá á undan, hvernig á þeim breytingunum standi; því að öðrum kosti er endurskoðendunum ómögulegt að hafa eptirlit með því, hvort lóðargjaldaskráin er rétt eða eigi. —

17. gr. Hafi endurskoðandi (Niðurjöfnunarinnar) nokkuð út á upphæðina að setja, þá er ekki annað en bæta þessum 21 aurum við; en verði það ekki, þá virðist allt geta verið eins og það er.

18. gr. Gjaldkera er heldur eigi kunnugt um það.

19. gr. Bæjarfógeti mun hafa hina sérstöku reikninga frá Birni ritstjóra, er þessi aðalreikningur virðist vera saminn eptir, og er vonandi að hann leggi þá fram í bæjarstjórninni, með því að hann hefir kvitterað í aðalreikn.

20. gr. Fyrverandi bæjarfógeti (E. Th. J.) mun hafa þessa reikninga.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. grein. Á fskj. 25 er færður sem tekjur endurgoldinn sveitarstyrkur tveggja (nr. 11 og 12) utanbæjarmanna, sem annars er vant að færa sem differens. — (fskj. 28 og 30) Vantar upplýsingar um hverjir eru innanbæjar- og hverjir utanbæjarmenn af þeim, sem hafa endurborgað fátækrastyrk á þessum fylgiskjölum.

14. grein. Skrá yfir þá bæjarmenn, er borga eiga hundatoll fyrir árið 1885, vantar.

15. grein. Magnús Vigfússon á Miðseli hefur samkv. fskj. 37 fengið kauplausa kennslu fyrir annað barn sitt, en ber að borga heilt skólagjald fyrir hitt barnið; hann á því að færast á fskj. 32 með 8 Kr., en ekki 7 Kr.

16. grein. Í því formi, sem lóðargjaldaskráin er nú, er ómögulegt fyrir endurskoðendur að vita hvort hún er rjett. Það verður ekki hægt að endurskoða hana, svo að í lagi sje, fyr en húsum og bæjum er raðað eptir götum og númerum.

Nokkrar viðbætur gjaldkerans vantar undirskript bæjarfógeta. — Annars er þessi lóðagjaldaskrá mjög óvönduð að frágangi, öll útskrifuð með blýanti, og sýnist því að eins vera uppkast. —

## Gjöld.

17. grein. (fskj. 43) Fasteignartíund til dómkirkjunnar af útjörð kaupstaðarins er reiknuð 4,35 Kr., rjettara mun vera 4,56 Kr.

18. grein. (fskj. 44). Endurskoðendum er ekki kunnugt um hvernig tæ upphæðin 61,86 ᴷʳ er til komin.

19. grein. (fskj. 52). Vantar kvittaðan reikning frá ritstjóra Ísafoldar.

20. grein. (fskj. 56) Vantar reikning yfir pappír í tvo prótokolla, og band á 8 bindum stjórnartíðindanna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 21. gr. Þó að bæjarstjórnin hafi brúkað 1 dós af pennum frá 3. febr. 84 til 7. júlí 1885, þá verður ekki sagt að það sé nein ofbrúkun. Af blekinu hefir að líkindum eitthvað verið notað í barnaskólanum. Vottorð umsjónarmanns bæjarþingstofunnar hefði átt að vera í reikningnum.

" 22. gr. Bæjarfógetinn hefir jafnan veitt þessu fé móttöku og fært það hegningarhúsinu til inntekta hjá sér, en borgar svo fangaverði mánaðarleg laun allt árið. — Þessi upphæð er nú orðin of lág, síðan laun fangavarðar voru hækkuð.

" 23. gr. Á ábyrgð gjaldkera. —

" 24. gr. Eptir vottorði bæjarfógeta á fylgiskjalið hefir bæjarstjórnin í heild sinni samþykkt vegagjörðina; það vottorð er væntanlega fullnægjandi enda mun mega sanna það ef þörf gjörist.

" 25. gr. Vottorð bæjarfógeta virðist geta komið í staðinn fyrir áteiknun veganefndar. Að öðru leyti er athugasemdin rétt.

" 26. gr. Bæjarfógeti getur upplýst hvernig á grjótkaupunum stendur.

" 27. gr. Athugasemdin er rétt.

" 28. gr. Það er þessi gamli siður, að taka sendisveina gjöld umboðslaust; sá siður mun nú vera lagður niður.

" 29-36. gr. } Athugasemdirnar eru réttar, en gjaldkera óviðkomandi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21. grein. (fskj. 57). Þrjár heilflöskur af bleki og tvær pennaöskjur brúkar hin háttvirta bæjarstjórn á 24 fundum.

22. grein. (fskj. 60). Vantar kvittun fangavarðar fyrir 66 kr. 66 au.

23. grein. (fskj. 73). Rjettur hlutaðeigandi hefur ekki kvittað.

24. grein. Á fskj. 83, sem er reikningur yfir vegagjörð, hefur formaður veganefndarinnar ritað þannig: „Um þennan reikning veit jeg ekkert, veganefndin hefur ekkert um þessa vegagjörð samið." Reikningurinn er samt ávísaður af bæjarfógeta og einum í fjárhagsnefndinni.

25. grein. (fskj. 84). Reikningurinn er skakkt lagður saman, og útborgaður 20 aurum of lágt. Veganefndin hefur ekki teiknað á reikninginn.

26. grein. (fskj. 88). Formaður veganefndarinnar hefur ekki teiknað upp á að Andrjesi Andrjessyni beri 105 kr. fyrir grjót til vegagjörðar.

27. grein. (fskj. 89). Reikningurinn er rangt lagður saman; á að vera 9,50 kr. ekki 9 kr.

28. grein. (fskj. 92). Rjettur hlutaðeigandi hefur ekki kvittað.

29. grein. Fsk. 95 er rangt lagt saman, á að vera 90,55 kr., en ekki 90,45 kr.

30. grein. Fskj 96 er rangt reiknað; 40 au. of lágt.

31. grein. Fskj. 97 er skakkt ávísað; 20 aurum of lágt.

32. grein. Fskj. 105. er skakkt samlagt; 18 au. of hátt.

33. grein. Fskj. 106 er rangt lagt saman og ofborgað með 10 kr.

34. grein. Á fskj. 109 er ekki útfærður einn liðurinn á reikningnum, og er hann því reiknaður 35 au. of lágt.

35. grein. Á fskj. 116 er vantalið hjá Guðna Guðnasyni 25 aurar.

36. grein. Formaður veganefndarinnar átti líklega að áteikna reikninginn á fskj. 123; auk þess er hann aðeins ávísaður af tveim í fjárhagsnefndinni, og kvittaður af bæjarfógeta, en ekki hlutaðeiganda.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 37. gr. Athugasemdin er rétt, en gjaldkeri er óviðkomandi

" 38. gr. Það getur verið að það sé rétt, en það virðist þó vera dálítið meira.

" 39. gr. Bæjarfógeti borgaði Coghill og tók svo aptur upphæðina úr bæjarsjóði.

" 40. gr. Jónas rektorvörður kvitteraði þar fyrir „Collega" sinn.

" 41. gr. Til athugunar fyrir bæjarstjórnina.

Samkv. reikningi hafnarsjóðsins 1884 eru honum það ár færðir til inntektar vextir úr bæjarsjóði að upphæð . . . . . . . . . . 1086–93
en það ár eru bæjarsjóði ekki færðir til útgjalda til hafnarsj. vexti uppí meira 1071–27
og því eru færðir til útgjalda 1885 vaxtaeptirstöðvar frá 1884 með 15kr 66a.

Upphæðin 884kr 78a virðist að vera ritvilla eins og líka vextirnir benda á. Vextirnir hafa verið borgaðir fyrirfram, þó það sé eigi vani, og ætti því að koma því til lagfæringar. – Heppilegast hefði verið að reikna dagvexti af láninu til næsta nýárs og 6% vexti af afborgun úr því.

" 42. gr. Það virðist sanngjarnt, og jafnvel að til væri lítil yfir áhöld veganefndarinnar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

37. grein. Á fskj. 129 er einn liður ranglega útfærður 2 au. af hátt.
38. grein. Á fskj. 149 eru tveir liðir rangt útfærðir, annar 20 au. of hátt, hinn 15 au. of hátt, samtals 35 au. af hátt.
39. grein. Á fskj. 151 vantar kvittun Coghills, þar á móti kvittar skrifari bæjarfógetans.
40. grein. Á fskj. 152 kvittar Jónas Jónsson fyrir 8,60 kr. á reikning frá Guðmundi Ingimundarsyni.
41. grein. Endurskoðendur skjóta því til bæjarstjórnarinnar, hvort ekki væri tilhlýðilegt að semja árlega áætlunina þannig, að lánin væru flokkuð eptir sjóðum, og höfð dagsetning á lánunum, með því að nærri því er ókleyft að rannsaka hvort vextir og afborganir eru rjettilega reiknaðar og borgaðar, þegar öllu er blandað saman. —

Það er að athuga við áætlunina að lánið til barnaskólans er þar ranglega talið 25000 kr. í stað 27900 kr., sem sje 18000 kr. í landsjóði og 9900 kr. í hafnarsjóði, sbr. fskj. 161 og 164.

Ennfremur er það að athuga við áætlunina að á henni eru ekki talin bráðabyrgðalánin, hvorki til hafnarsjóðs, yfir 1000 kr. nje til sparisjóðs 3000 kr., og þessvegna ekki áætlaðar neinar rentur af þeim eða afborganir.

Endurskoðendur fá ekki skilið í vaxtaeptirstöðvum til hafnarsjóðs frá 1884, sem borgaðar hafa verið með 15 kr. 66 au.

Lánið til leikfimishúss barnaskólans af hafnarsjóði er talið á fskj. 161 884 kr. 78 au., en á reikningi, er endurskoðendur hafa fengið til athugunar frá fyrverandi bæjarfógeta E. Th. Jónassen, er lán þetta talið 844 kr. 78 au. og er dagsett 14. okt. 1885; það getur því varla verið rjett að borga fyrstu vexti og afborgun af láni þessu á árinu 1885 með 6%, samtals 50 kr. 69 au. (sú upphæð bendir á að lánið muni vera rjett reiknað hjá bæjarfógeta, en rangt hjá gjaldkera).
42. grein. Formaður veganefndarinnar átti að rita á fskj. 167 og 168, að hann hefði meðtekið áhöld þau, er þar ræðir um.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 43. gr. Þó að skuldabréfið sé eigi dagsett eða skrifað fyr en 17. september, þá er það engin sönnun fyrir því, að bæjarsjóður hafi eigi tekið að sér skuldina fyrri en einmitt þá, enda gat hann og í skuldabréfinu hafa skuldbundið sig til að taka að sér vexti og gjöld fyrir liðið fardagaár. – Þetta hlýtur bæjarstjórninni annars að vera kunnugast um.

" 44. gr. Það er gjört uppkast að skránum, sem er ritað talsvert gisnara en skrárnar sjálfar, til þess að því hægra sé að leiðrétta og bæta inn í því sem þarf, og gengur því meiri pappír í uppköstin en skrárnar sjálfar.

" 45. gr. Upphæðin er ekki hin sama. Að því gjaldkera frekast er kunnugt, þá er upphæðin á fylgiskj. 183 málskostnaður við yfirdóminn. Annars mun hr. bæjarfógeti (S. Th.) geta upplýst þetta betur.

" 46. gr. Gjaldkera verður varla gefin sök á því, þótt hann borgaði Guðrúnu fyrir allan júnímánuð, þar sem honum var eigi tilkynnt húsbóndaskipti barnsins fyr en 16. Nóvember. –
Guðrún hefir heldur aldrei krafizt þessarar vantandi meðgjafar.

" 47. gr. Það hefir, eins og kunnugt er, eigi verið tízka áður, að heimta fullmaktir af mönnum, sem fengið hafa peninga úr bæjarsjóði fyrir aðra, og þykist gjaldkeri hafa fengið heldur en ekki að kenna á því, að hann fylgdi þeim ósið, sem nú mun vera lagður niður.

" 48. gr. – Já. –

" 49. gr. Ásdís er lifandi enn. Meðgjöfin féll burt við vistaskipti.

" 50. gr. Þegar Ingileif Magnúsdóttir kom úr kaupavinnu haustið 1885, réðist hún fyrir hlutakonu suður á Vatnsleysuströnd, en þangað gat hún ekki tekið drenginn (Ólaf) með sér; hún kom honum því fyrir hjá ömmu hans Sigurbjörgu, og er það því í alla staði rétt, að hún hefir fengið meðlag með honum frá síðasta mánuði ársins 1885.

" 51. gr. Gjaldkeri hefir eigi gætt þess, að meðgjöfin var 5 kr. hærri en áður fyrir síðasta mánuð ársins og vantar því, að honum verði endurgoldnar þessar 5 krónur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

43. grein. Á fskj. 178 sjest að bæjarsjóður Reykjavíkur hefur ekki tekið að sjer skuldbrjef ~~fyrir~~ fyrverandi Laugarness- og Kleppseigenda fyr en 17. sept. 1885, en borgar þó rentu af láni þessu og öll gjöld af eigninni að hálfu leyti fyrir fardagaárið 1884–85.

44. grein. Pappírinn í niðurjöfnunarskránar 1884 og 1885 virðist ríflega reiknaður á fskj. 182 með heilli bók af pappír í hverja, og er þó hver um sig að eins 9 arkir.

45. grein. Endurskoðendur vilja spyrjast fyrir um hvort upphæð sú, sem getið er um í fskj. 183 sje ekki hin sama, sem á fskj. 185, (munurinn er reyndar 16 au.), og upphæð þessi sje þannig tvíborguð. Sje ekki svo, átti með fskj. 183 að fylgja sundurliðaður reikningur á líkan hátt og fskj. 185.

Fskj. 185 er ekki kvittað af rjettum hlutaðeiganda.

46. grein. (fskj 198). Guðmundur Guðmundsson hefur fengið ofborgað meðlag með Guðrúnu Jónsdóttur með 3 Kr. 25 au. fyrir tímann 1 ~~jan~~ – 11 júní 1885. En Guðný Jónsdóttir vanborgaða sömu upphæð fyrir síðari hluta ársins.

47. grein. (fskj. 202). Vantar fullmakt fyrir þá menn, er hafið hafa styrk Salvarar Ketilsdóttur.

48. grein. (fskj 205). Er Halldóra Þórarinsdóttir rjettur móttakandi á meðgjöf Guðrúnar Þorlaksdóttur (Sjest ekki á lista bæjarfógeta.)

49. grein (fskj. 212). Vantar dánarvottorð Ásdísar Daðadóttur, ef meðlagið hefur hætt sökum þess, að hún hafi dáið.

50. grein. (fskj. 214) Sigurbjörg Sigurðardóttir hefur hafið meðlag Ólafs Guðnasonar 3 síðustu mánuði ársins, þrátt fyrir bann bæjarfógeta á fskj. 213.

51. grein. Á fskj. 226 hefur gjaldkeri borgað meðlag með Agnesi Jónsdóttur fyrir árið 1885 með 65 Kr., eins og vera bar, en ekki útfært nema 60 Kr. á fskj. 194.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52. gr. Staðfest eptirrit af þessu fylgiskjali hef jeg nú lagt með reikningnum. Halldór Daníelsson

53. gr. Athugasemdin virðist rétt og hefir þó ekkert umtal orðið um þessa 15 aura.

54. gr. Gjaldkeri hefir ábyrgð á að kvittunin sé rétt.

55. gr. Ómaginn mun hafa komið 1. Maí til ~~Skúla~~ Jónssonar. Oddur hefir ekki skrifað um að hann hafi fengið oflítið og hér er ekki um ofborgun úr bæjarsjóði að ræða. –

56. gr. Athugasemdin er rétt.

57. gr. Sömuleiðis.

58. gr. Voru þá nokkrum tíma áður fœrðar til útgjalda?

59. gr. Gjaldkeri ábyrgist réttan móttakanda.

60. gr. Sömuleiðis.

61. Til athugunar fyrir fátækranefnd og stjórn.

62. gr. Gjaldkeri hefir heldur eigi séð þessa reikning eða reikninga frá Þorl. Ó. Johnson, en viðkomandi fylgiskjöl hafa verið samþykkt og ávísuð af þeirra og þykist gjaldkeri því vera úr allri ábyrgð.

63. gr. Gjaldkeri ábyrgist að peningarnir hafi komist til skila.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

52. grein. Fskj. 227 er hjá bæjarfógeta.

53. grein. Á fylgiskj. 233 (sbr. fskj. 232) er Jónasi Jónssyni vanborgaðir 15 aura af meðlagi með Guðmundi Guðmundssyni til septemberloka 1885, en Páli Jónssyni ofborgaðir 15 aurar fyrir síðustu mánuði ársins.

54. grein. Á fskj. 236 vantar heimild Jónasar Jónassonar til að kvitta fyrir hönd Einars Eirikssonar.

55. grein. Oddur Oddsson hefur á fskj. 238 fengið aðeins 26 kr. 62 au. í meðlag með Friðrik Júlíusi Grímssyni, en átti að fá, samkv. fskj. 237, meðlag til 1. júní, alls 33 kr. 33 au. Mismuninn 6 kr. 71 au. hefur Skúli Jónsson fengið ofborgaðan.

56. grein. Meðlagið á fskj. 247 er reiknað ofhátt um 82 au. 17 dec – 31 dec. er ekki hálfur mánuðurinn December.

57. grein. Sveinn Bjarnason átti að fá meðgjöf með Andríönu Pjetursdóttur frá 1. maí til ársloka í 8 mánuði, alls 53 kr. 33 au. (sbr. brjef bæjarfóg $\frac{1}{6}$ 85); á fskj. 252 hefur hann aðeins kvittað fyrir 53 kr. 27 au., og eru honum því vanborgaðir 6 au.; en bæjargjaldkeri hefur fært upphæðina í reikning sem 53 kr. 37 au., og hefur því ofreiknað 10 aura.

58. grein. Voru þær 10 kr. sem getið er um í fskj. 253 dregnar frá, þegar Jóni Einarssyni var borgað meðlagið með Herdísi Guðjónsdóttur?

59. grein. (fskj. 255). Vantar heimild til að borga öðrum en Helgu Arnadóttur meðlag með barni Didrikku Möller (sbr. brjef bæjarfóg. $\frac{1}{4}$ 4.85).

60. grein. (fskj. 261-264) Vantar heimild þeirra, sem kvittað hafa fyrir Guðmund Jónsson.

61. grein. Á fskj. 265-67 sjest að Guðmundur Jónsson fær í húsaleigustyrk um árið 80 kr., það sýnist dýrt.

62. grein. Á fskj. 268, 299 og 424 er getið um reikning frá Þorl. O. Johnson, sem ekki er í fylgiskjölunum, og er þó bærinn látinn borga upphæðir úr þessum reikningi.

63. grein. Heimild þeirra manna, sem kvittað hafa fyrir Guðrúnu Þorgrímsdóttur (fskj. 273-280) vantar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 64. gr. Þetta er allt á ábyrgð gjaldkerans. Sbr. svarið við 47. gr. 64.

" 65. gr. Til athugunar fyrir fátækranefnd, fjárhagsnefnd og bæjarstjórn. 65.

" 66. gr. Samkv. ómagalistanum átti Margrét Einarsd. að fá borgaðar 60 kr. og meira hefir hún ekki fengið, en þó hún hafi fengið meira fyrir maímán. en tiltekið var í bréfi bæjarfóg. þá gerir það ekkert til, því eins og kvittan hennar ber með sér, fékk hún aftr minna fyrir desember en fyrir aðra mánuði síðari hluta ársins, nfl. kr. 2,75 a. 66.

" 67. gr. Það er eptir skipun bæjarfógeta, að þessar 7 kr. 50 a. eru borgaðar út og mun hann geta gjört grein fyrir því. Að húsaleigan frá 1/5–1/7 sé í rauninni of vera tvíborguð, er ekki gott að segja; það er undir því komið, hve dýr eldiviðurinn er, en talan 1/5 getur verið ritvilla. 67.

" 68. gr. Meðlagum hefir verið þannig ávísað bæði af fátækranefnd og fjárhagsnefnd, og vill gjaldkeri því vera ábyrgðarlaus, hvað það snertir. 68.

" 69. gr. Á ávísun fátækranefndarinnar heitir þetta svo kallaðr lán „styrkr", enda er mjög hæpið að það fáist nokkurn tíma endurgoldið; Maðurinn hefir fengið mikla meiri styrk en það og er öreigi. 69.

" 70. gr. Þannig ávísað af fjárhagsnefndinni. Spursmál er, hvort þetta var eigi lögfest síðar. 70.

" 71. gr. Athugasemdin er rétt, þótt ótrúlegt sé, þar sem 5 menn hafa fjallað um þenna stutta reikning og tveir af þeim lögðu hann saman hver um sig upp á sinn máta hundaðlíðandum. 71.

" 72. gr. Útborgunin er rétt hvað snertir ómaga, húsbónda og tímabil, er að eins ekki ávísuð af fjárhagsnefnd heldur eptir bréflegri bendingu bæjarfógeta og er því vonandi að viðkomandi hreppur hafi ekkert út á hana að setja, ef hann hefir eigi þegar endurborgað hana.— 72.

" 73. gr. Það er auðsjáanlega rangt. Að líkindum hefir bæjarfógeti haft þetta fylgiskj. og fylgiskj. 475 á einum til ávísunar og þá tekið fylgiskjala feil, er hann sneri báðum á þeim upp.— 73.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

64. grein. Heimildarlausar kvittanir eru ennfremur á þessum fylgiskjölum: 286, 292, 298, 300, 301, 303, 305, 306, 310, 318, 319, 322, 323, 348, 349, 351, 352, 362, 366, 367, 368, 370, 383, 384, 385, 393, 394, 396, 398, 404, 406, 415, 416, 417, 418, 419, 421, 428, 445, 446, 449, 458, 459, 460, 463, 464.

65. grein. Endurskoðendum sýnist mjög vafasamt, hvort ástæða er til, að láta þurfamenn yfir höfuð hafa fastan fátækrastyrk um árið, sem þeir opta hafa jafnt, hvort sem þeir þurfa hans eða ekki, ~~ekr.~~ og ekki hefja fyr en löngu eptir að hann er fallinn í gjalddaga. (sbr. fskj. 295.).

66. grein. Í fskj. 346 hefur gjaldkeri ekki fylgt boði bæjarfógeta í brjefi 2 mars 1885, og borgað Margrjeti Einarsdóttur of háan fátækrastyrk fyrir maímánuð.

67. grein Á fskj. 360 er borguð húsaleiga fyrir Ívar Jónsson með 7,50 kr., án þess að heimild sje til þess á þurfamannaskránni nje formleg ávísun. Ennfremur sjest ef fskj. 360 er borið saman við fskj. 361, að húsaleigan fyrir tímann 14/5 – ½ er tvíborguð.

68. grein. Meðlag með barninu Herdísi Guðmundsdóttur Vestmanns er líklega tvíborgað fyrir fyrstu viku októbermánaðar, ef borin eru saman fskj. 378–380.

69. grein. Lán það, er getið er um í fskj. 400, er Hans Jónsson hefur fengið til útfarar konu sinnar, ætti að færast sem eptirstöðvar, en ekki sveitarstyrkur. Til athugunar við endurskoðun næsta reiknings, að það verði endurborgað.

70. grein. Styrkur sá, sem talinn er á fskj. 401 er ekki rjett reiknaður, ætti að vera 11 Kr. 67 au., en ekki 10 Kr. 33 au.

71. grein. Reikningurinn á fskj. 424 er rangt lagður saman, einni krónu of lágt.

72. grein. Gjaldkeri hefur heimildarlaust borgað (fskj. 462) meðgjöf með utansveitarbarni að upphæð 6,65 Kr.

73. grein. Er það ekki rangt hjá bæjarfógeta, að Akranesshreppur eigi að endurborga styrk til Rannveigar Sæby (sjá fskj. 469). ?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 74. gr. Fylgiskjalið endursendist kvitterað.
" 75. Kvittanir frá Vordingborgar-spítala fyrir þrjá fyrstu ársfjórðungana 1885 eru nú komnar í fylgiskjölin, en kvittun fyrir síðasta ársfjórðunginn var ómögulegt að finna á skrifstofu bæjarfógeta, en þangað hafa þær allar komið.

Við 76. gr. Til athugunar fyrir fátækranefnd og bæjarstjórn.

Við 77. gr. Séu nokkrar eptirstöðvar til eldri en frá árinu 1882 þá eru þær innifaldar í eptirstöðvunum fyrir það ár, en ekki færðar sér.
Að öðru leyti til athugunar fyrir bæjarstjórn og bæjarfógeta.

Við 78. gr. Athugasemdin viðurkennist rétt.
" 79. gr. Árið 1886 var talsvert borgað af brunabótagjaldi til hinna dönsku kaupstaða og þarf að bera það saman við þetta, þegar sú reikningur verður endurskoðaður.

" 80. gr. Gjaldkera hefir verið ómögulegt að ná inn neinu af hinum útistandandi skólapeningum, en hvort bæjarfógeti eða bæjarstjórn hafa nokkrar ráðstafanir eða tilraunir gert til að ná þeim inn, er gjaldkera ókunnugt um. Það var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

74. grein. Vantar kvittun fyrir 6 Kr. á fylgiskj. 473.

75. grein. Vantar kvittun fyrir medlagi með Elizabeth Egilsdóttur, hvernig stendur á því að upphæðirnar eru ekki jafnháar fyrir ~~hvern~~ alla ársfjórðunga, og aðrar en í fyrra (fskj. 476-79)?

76. grein. Um meðalareikning apotekarans (fskj. 496), að upphæð 144 Kr. 45 au., er sama að segja og í fyrra, að á honum eru færðir bæði utansveitarmenn og innanbæjarmenn; þetta má ekki eiga sjer stað endurgjaldsins vegna.
Fátækranefndin hefur ekki sjeð reikninginn.

77. grein. Eru ekki eldri eptirstöðvar hjá öðrum sýslum eða sveitum en frá árinu 1882?
Endurskoðendur geta ekki bundizt þess, að vekja athygli á hve lítið er borgað af svo gömlum eptirstöðvum, eins og þær frá 1882 eru, nefnilega að eins 75 Kr. af 358 Kr.
Af eptirstöðvunum frá árinu 1883 eru borgaðar 167 Kr. 39 au. af 391 Kr. 92 au.
Af eptirstöðvunum frá árinu 1884 standa en epti 448 Kr. 97 au.
Alls eru eptirstöðvar hjá öðrum sýslum við árslok 1885 2154 Kr. 85 au. þar sem þær árinu áður voru 1628 Kr. 64 au.

78. grein. Þorsteinn Tómásson reiknar líklega af sjer 40 au. á fskj. 590.

79. grein. Frá hvaða tíma er barnaskólinn vátryggður að tveim þriðju hjá danska brunabótafjelaginu? Á reikningnum 1884 var, að okkur minnir, ekki borgað neitt ~~fje~~ til danska fjelagsins heldur að eins fyrir þann þriðjung, sem bærinn annast. Á árinu 1885 er fyrst kvittað fyrir brunabótagjald frá 1. april (fskj. 591 og 593).

80. grein. Af ógoldnum skólapeningum frá 1878-83 er enginn eyrir borgaður á árinu 1885. Af ógoldnum skólapeningum frá árinu 1884 eru að eins borgaðar 23 Kr., þar sem þó fyrir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að vísu af bæjarstjórninni ákveðið að fylgja þeirri reglu, að heimta skólagjöldin fyrirfram fyrir hvert barn, en gjaldkeri hefir, fyrir sitt leyti, eigi getað fengið þeirri reglu framfylgt, með því að skólastjóri hefir veitt börnum móttöku í skólann, þótt eigi sýndu þau kvittun fyrir gjaldinu.

Við 81. gr. Til athugunar fyrir bæjarstjórn og bæjarfógeta.

Við 82. gr. Sömuleiðis.

. 83. gr. Til athugunar fyrir bæjarfógeta.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það eina ár eru eptir 240 Kr. 41 au. í árslok 1885. Enn hafa borizt við 131 Kr. 67 au á árinu 1885, svo að ógreiddir skólapeningar í árslok 1885 eru alls 529 Kr. 18 au.
Hefur bæjarstjórnin ekki gjört það að skyldu, að borgað skuli fyrirfram fyrir hvert barn? Ef svo er eiga engar eptirstöðvar að vera leyfilegar (fskj. 610).

81. grein. (Fskj. 614). Af ógreiddum bæjargjöldum fyrir árin 1878-82 incl. að upphæð 442 Kr. 75 au er enginn eyrir innkrafinn á árinu 1885. — Af ógreiddum bæjargjöldum fyrir árið 1883 eru að eins borgaðar 50 Kr. 20 au., og eptirstöðvarnar frá því ári voru 252 K. 65 au. í árslok 1885. — Af ógreiddum bæjargjöldum fyrir árið 1884 eru að eins borgaðar 114 Kr. 68 au., en eptirstöðvar fyrir það ár ꝫ í árslok 1885 957 Kr. 81 au.

Af ógreiddum bæjargjöldum fyrir árið 1885 eru numdar úr eptirstöðvum (fskj. 192) 559 Kr. 75 au., og ógoldnar í árslok 1303 Kr. 90 au.

það sem ekki innheimtist af niðurjöfnuðum gjöldum árið 1885 nemur þannig nærri því 11% af þeirri upphæð, sem jafnað var niður.

Við árslok 1885 eru alls ógreidd bæjargjöld 2957 K. 11 au.

82. grein. Af ógreiddum túnleigum fyrir árin 1881-83 er ekkert goldið á árinu 1885, af ógreiddum túnleigum frá 1884 eru að eins greiddar 4 Krónur.

Alls eru eptirstöðvar af túnleigum við árslok 1885 193 Kr. 24 au. árinu áður 78 Kr. 76 au.

83. grein. 45 fylgiskjöl að upphæð samtals 1324 Kr. 17 au. eru borgaðar til bæjarfógeta og kvittaðar af honum, en ekki af þeim, sem þar eru ávísaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Við 84. gr. Það stafar einkum af því, að stundum hefir verið ómögulegt fyrir viðkomendur að finna einstaka meðlimi fátækranefndar eða fjárhagsnefndar, en eigi þótt gustuk að gera þá reka, þótt eitt nafn hafi vantað, þegar þeim hefir legið á peningunum; enda virðist það ekki sem heppilegust tilhögun, að gera mönnum að skyldu, og það stundum fátækum mönnum frá vinnu sinni, að finna eins marga menn og þarf nú, til þess að geta fengið nokkrar krónur borgaðar út.

„ 85. Til athugunar fr. bæjarstjórnina, sérstakl. fjárhagsnefndina.

„ 86. gr. Sömuleiðis.

„ 87. gr. Skilagrein fyrir því fé mun fylgja sparisjóðsbók, sem bæjarfógeti hefir haft í sínum vörzlum. —

Reykjavík 23. dag Júnímán. 1887.

Kr. Ó. Þorgrímsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

84. grein. 117 ávísanir, að upphæð samtals 2658 K. 12 au. eru útborgaðar án þess að vera formlega ávísaðar, þ. e. ýmist vantar undirskript fátækranefndar, eða einhvers úr henni, eða þá vantar einhverja úr fjárhagsnefnd.

85. grein. Á ýmsum gjaldliðum hefur verið gengið út yfir áætlunina, mest kveður að því á þeim liðum, sem nú skal telja:

| | áætlað | brúkað | mismunur |
|---|---|---|---|
| II. 1. b. Skrifstofuhald, ritföng o. fl. . . . | 125 K. | 209,13 K | 84,13 K. |
| " 6. Til vatnsbólanna . . . . | 500 | 970,82 | 470,82 |
| " 10. Vextir og afborg. af lánum . . | 3350,66 | 3635,01 | 284,35 |
| " 12. Óviss útgjöld bæjarsjóðs . . | 200,00 | 637,83 | 437,83 |
| " 13. Vantanlegar eptirstöðvar . . | 800,00 | 4239,28 | 3439,28 |
| III. 1. b(1). Til þurfamanna Rvíkur | 1500,00 | 3367,15 | 1867,15 |
| " " b(2). Til þurfamanna annara sveita | 800,00 | 1604,34 | 804,34 |
| " " c. Lögflutningur þurfamanna | 50,00 | 147,75 | 97,75 |
| IV. 2. d. Eldiviður og ljós til barnaskólans | 350,00 | 480,06 | 130,06 |

86. grein. Í árslok 1885 eru í peningum hjá gjaldkera 319 K. 42 au.

87. grein. Hvorki fyrir árið 1884 nje árið 1885 hefur fylgt reikningunum nein skilagrein fyrir fje því, er bæjarmenn gjalda af þeim þriðjungi húseigna sinna, er bærinn hefur tekið ábyrgð á fyrir bruna.

Reykjavík, 23. dag maímánaðar 1887

Björn Jensson Halldór Jónsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Úrskurður á athugasemdum við bæjarsjóðsreikninginn 1885

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
317

Um 1. gr. 10 Kr. ber að innheimta.

— 2. gr. 12 álnir ber að innheimta

— 3. gr. 9 Kr. 50 aura ber að innheimta

— 4. gr. Til athugunar að bæjargjaldkeri eptirleiðis láti fylgja reikningnum skrá ~~yfir~~ frá bæjarfógeta yfir endurborgaðan fátækrastyrk innanbæjarmanna og aðrar óvissar tekjur.

— 5. gr. Reikningshaldara ber að útvega þetta fylgiskjal

— 6 gr. Upplýst með svarinu.

— 8 gr. 17 aura má endurgjalda.

— 7 gr. Upplýst með svarinu.

— 9 gr. Má við svo búið standa eptir ástæðum.

— 10 gr. Má við svo búið standa í þetta sinn.

— 11. gr. Athugasemdin fellur niður.

— 12. gr. Má við svo búið standa.

— 13. gr. Upplýst með svarinu.

— 14. gr. Reikningshaldara ber að útvega þetta fylgiskjal

— 15 gr. 1 Krónu ber að innheimta.

— 16. gr. Til athugunar.

— 17. gr. 21 aura má endurgjalda.

— 18 gr. Má við svo búið standa.

— 19. gr. Má við svo búið standa.

— 20. gr. Sömuleiðis

— 21 gr. Sömuleiðis.

— 22 gr. Athugasemdin fellur niður.

— 23. gr. Má við svo búið standa í þetta sinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 24. gr. Má við svo búið standa.

— 25. gr. 20 a. má greiða úr bæjarsjóði

— 26. gr. Má við svo búið standa.

— 27. gr. 50 aura má greiða úr bæjarsjóði

— 28. gr. Má við svo búið standa.

— 29. gr. 10 aura má greiða úr bæjarsjóði

— 30. gr. 40 a. má greiða úr bæjarsjóði.

— 31. gr. 20 a. má greiða úr bæjarsjóði

— 32. gr. 18 a. ber að greiða í bæjarsjóð.

— 33. gr. 10 kr. ber að greiða í bæjarsjóð.

— 34. gr. 35 a. má greiða úr bæjarsjóði

— 35. gr. 25 a. má greiða úr bæjarsjóði

— 36. gr. Má við svo búið standa í þetta sinn.

— 37. gr. 2 aura ber að greiða í bæjarsjóð.

— 38. gr. 35 a. ber að greiða í bæjarsjóð.

— 39. gr. Má við svo búið standa.

— 40. gr. Má við svo búið standa í þetta sinn

— 41. gr. Eptirleiðis ber reikningshaldara að láta reikningnum fylgja greinilegan lista yfir lánin, vexti af þeim og afborganir. Að öðru leyti er athugasemdin upplýst með svarinu.

— 42. gr. Áhaldalisti á að fylgja reikningnum eptirleiðis

— 43. gr. Upplýst með svarinu.

— 44. gr. Athugasemdin fellur niður.

— 45. gr. Má við svo búið standa. Að öðru leyti upplýst með svarinu

— 46. gr. Sömuleiðis

— 47. gr. Má við svo búið standa í þetta sinn.

— 48. gr. Upplýst með svarinu

— 49. gr. sömuleiðis.

— 50. gr. Upplýst með svarinu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 51 gr. 5 kr. má endurgjalda reikningshaldara

— „ — 52. gr. Fullnægt.

— „ — 53. gr. Má við svobúið standa.

— „ — 54. gr. Sömuleiðis

— „ — 55. gr. Sömuleiðis

— „ — 56. gr. Sömuleiðis

— „ — 57. gr. Sömuleiðis

— „ — 58. gr. Sömuleiðis

— „ — 59. gr. Sömuleiðis

— „ — 60. gr. Sömuleiðis.

— „ — 61. gr. athugasemdin fellur niður.

— „ — 62. gr. Sömuleiðis

— „ — 63. gr. Má við svobúið standa.

— „ — 64. gr. Sömuleiðis eptir ástæðum.

— „ — 65. gr. Til athugunar

— „ — 66. gr. Upplýst með svarinu

— „ — 67. gr. 3 kr. 12 a. ber að greiða í bæjarsjóð

— „ — 68. gr. Má við svobúið standa.

— „ — 69. gr. Athugasemdin fellur niður.

— „ — 70. gr. Má við svobúið standa.

— „ — 71. gr. 1 kr. má greiða úr bæjarsjóði

— „ — 72. gr. Má við svobúið standa.

— „ — 73. gr. Upplýst með svarinu

— „ — 74. gr. Fullnægt

— „ — 75. gr. Upplýst með svarinu

— „ — 76. gr. Til athugunar

— „ — 77. gr. Sömuleiðis

— „ — 78. gr. Má við svo búið standa

— „ — 79. gr. Upplýst með svarinu

— „ — 80. gr. Til athugunar

— „ — 81. gr. Sömuleiðis

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Um 82. gr. Sömuleiðis

— 83 gr. Má við svo búið standa

— 84 gr. Sömuleiðis í þetta sinn

— 85 gr. Til athugunar

— 86 gr. Sömuleiðis

— 87 gr. Þessa reikninga (fyrir 1884 og 1885) ber að útvega, og eptirleiðis eiga þeir að fylgja bæjarreikningnum.

Þannig samþykkt á fundi bæjarstjórnarinnar 15. september 1887.

Bæjarfógetinn í Reykjavík 17. septemberm. 1887

Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur